

Fundur í Stjórn Þyts 28. desember 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Árni Geir, Árni Þór, Sindri

1. Bréf sem berast í Pósthólf verða áframsend til bókhaldsþjónustunnar, ákveðið að bíða með að loka pósthólfi fram yfir aðalfund 2018, kostnaður við að halda pósthólfinu er um 11. Þúsund krónur á ári.
2. Elli smiður sem Árni Geir hefur verið í sambandi við er að skoða teikningar af svölunum og kemur til með að gefa grófa kostnaðaráætlun á næstu dögum, áætlað er að fara í uppsetningu fljótlega á nýju ári ef veður leyfir.
3. Árni Geir og Árni Þór sögðu frá ferð sem þeir gerðu sér í Íshúsið til að fá ráðleggingar varðandi uppsetningu á víftum í glugga á sturtuklefum. Niðurstaðan eftir þá ferð er að halda fyrrum plani með að nýta stokkinn sem búið er að setja upp og koma fyrir blásara í miðherbergið. Árni Geir er í sambandi við Blikkás þeir munu gera verðtilboð í að klára framkvæmdina.
4. Búið er að kaupa 5 slökkvitæki eftir ábendingu úr brunaúttektinni Árni Geir og Árni Þór munu fara í uppsetningu á þeim á morgun ásamt uppsetningu á hurðar pumpum.
5. Rædd tillaga um að hafa hengilás á miðherberginu í stað hefbundinnar læsingar þar sem þar inni eru gögn og hlutir sem ekki meigi glatast.
6. Tillaga um að athuga kostnað við að hafa læsingu í andyri rafstýrða með kortum, sem mun einfalda alla vinnu við að „endurnýja“ lykla ár hvert eftir að félagar hafa greitt félagsgjöld. Sindri Þór mun hafa samband við Securitas og óska eftir tilboði.
7. Sindri Þór tilkynnti að hann hafi boðist til að fara með æfingahópinn til að keppa á Áramótinu sem Ýmir heldur á gamlársdag.
8. Rætt um það að setja pin númer á bensínkortið, það hefur verið opið hingað til, Sindri Þór fer í málið.